

Ár 2016, miðvikudaginn 6. júlí, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Útlendingastofnunar

I.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Útlendingastofnun er ríkisstofnun, sbr. lög nr. 96/2002. Heyrir því undir kjararáð að ákveða forstjóra Útlendingastofnunar laun.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 30. nóvember 2015 frá forstjóra Útlendingastofnunar þar sem óskað er eftir endurskoðun launakjara forstjórans. Í bréfinu kemur fram að starfsemi Útlendingastofnunar hafi vaxið gríðarlega síðastliðin fimm ár. Þá hafi stofnuninni verið falin tvö ný verkefni en þau séu afgreiðsla umsókna um ríkisborgararétt sem séu um 1000 á ári og móttaka og þjónusta við hluta hælisleitenda sem hingað koma. Stofnunin sinni þeirri þjónustu til jafns við öll þau sveitarfélög sem þjónustusamningar hafi verið gerðir við og þjónusti því yfir 50% af heildarfjölda umsækjenda um hæli sem hafi verið áætlað að yrði á bilinu 350-400 á árinu 2015. Stofnunin hafi leigt gistiheimili og íbúðir og gert samninga um byggingu vistarvera fyrir hælisleitendur. Þá kemur fram í bréfinu að þeir fjármunir sem stofnunin velti nú vegna málaflokksins sé um það bil einn milljarður króna á ári. Starfsmenn séu 37 og fari fjölgandi. Í bréfinu er gerð grein fyrir mikilli fjölgun hælisleitenda síðastliðin árog fjölmiðlaumfjöllun sem að mati forstjórans sé óvægin og eigi það til að verða mjög persónubundin. Þá kemur fram að áreiti fjölmiðla utan vinnutíma sé mikið bæði á kvöldin og um helgar og hafi aukist ár frá ári samhliða fjölgun verkefna. Starf forstjóra sé því erfittog mjög íþyngjandi á köflum. Umfang, ábyrgð, álag og mikilvægi starfs forstjóra Útlendingastofnunar sé mikið og mikilvægt að laun hans séu í samræmi við laun annarra forstöðumanna sem undir kjararáð heyra.

Með bréfum dagsettum 9. desember 2016 gaf kjararáð fjármála- og efnahagsráðuneyti og innanríkisráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindis forstjóra Útlendingastofnunar, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 22. desember 2015. Í bréfinu segir að ráðuneytinu sé ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi Útlendingastofnunar hafi breyst eða aukist frá því síðast hafi verið úrskurðað um launakjör forstjórans að öðru leyti en því sem fram komi í bréfi hans til kjararáðs og telji ráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þess auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli laun forstjórans.

Í bréfi innanríkisráðuneytis dagsettu 5. janúar 2016 er tekið undir það sem fram kemur í bréfi forstjórans. Ætla megi að álag hafi aukist á undanförunum árum. Ný verkefni hafi verið færð til stofnunarinnar og fjölgun hælisleitenda hafi verið mikil síðustu ár. Það hafi leitt til meira vinnuálags en áður.

Með bréfi dagsettu 12. janúar 2016 fékk forstjóri Útlendingastofnunar send framangreind bréf ráðuneytanna til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra. Engar athugasemdir bárust.

III.

Útlendingastofnun starfar samkvæmt lögum um útlendinga, nr. 96/2002 með síðari breytingum, reglugerð um útlendinga nr. 53/2003 og reglugerð um vegabréfsáritanir nr. 1160/2010. Lög um útlendinga gilda um heimild útlendinga til að koma til landsins og dvöl þeirra hér á landi. Með útlendingi er í lögnum átt við hvern þann einstakling sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt. Lögin veita heimild til að hafa eftirlit með komu til landsins og för úr landi og með dvöl útlendinga hér á landi í samræmi við stefnu stjórnvalda hverju sinni. Lögin kveða einnig á um réttarstöðu útlendinga

sem koma til landsins eða fara frá því, dveljast hér eða sækja um leyfi samkvæmt lögnum. Framkvæmd laganna annast Útlendingastofnun, lögregla og önnur stjórnvöld. Ráðherra skipar forstjóra Útlendingastofnunar til fimm ára í senn. Forstjórinn skal hafa embættispróf í lögfræði. Þá annast Útlendingastofnun afgreiðslu umsókna um ríkisborgararétt, sbr. lög nr. 100/1952 um íslenskan ríkisborgararétt með síðari breytingum.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð ákvað forstjóra Útlendingastofnunar laun 16. júlí 2013. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs. Hér að framan er greint frá starfsemi Útlendingastofnunar og því hvernig hún hefur vaxið með fjölgun umsókna um alþjóðlega vernd hér á landi auk nýrra verkefna. Með vísan til þessa hefur kjararáð ákveðið að breyta launum forstjórans að gættu því innbyrðis samræmi sem kjararáði ber að hafa að leiðarljósi og áður er rakið.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun forstjóra Útlendingastofnunar skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2016 skulu mánaðarlaun forstjóra Útlendingastofnunar vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 136, nú 957.296 krónur. Að auki skal greiða honum 40 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-136, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóra Útlendingastofnunar gilda reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber